

24. maí 1988

555

Nr. 251

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 49/1988 um erlendar
lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum,
tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Liður 1.1 orðist svo:

Heimilt er að gera samninga um lán (eða greiðslufrest) við erlenda aðila vegna kaupa frá útlöndum á vélum, tækjum og búnaði, sem upp er talinn í lið 6.0 hér á eftir, til nota í atvinnurekstri. Erlend lán skulu ekki vera hærri en sem nemur 70% af fob-verði vörunnar en 60% ef slíkum lánum fylgir ábyrgð eða endurlán innlands banka, sparisjóðs, tryggingarfélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs.

Innlendum framleiðendum þeirra véla, tækja og búnaðar, sem upp er talinn í 6.0 hér að neðan, er heimilt að taka erlend lán sem nema 70% af verði þeirra en 60% ef um er að ræða ábyrgð eða endurlán innlands banka, sparisjóðs, tryggingarfélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs.

Liður 2.1 orðist svo:

Innlendum fyrirtækjum, sem annast fjármögnunar- og kaupleigu, er heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna kaup á vélum, tækjum og búnaði erlendis frá, í þeim tilgangi að gera leigusamninga um notkun þeirra við innlenda aðila. Erlenda lánið má eigi vera hærri en sem nemur 70% af fob-verði hinna erlendu kaupa.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 24. maí 1988.

Jón Sigurðsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

9. maí 1988

AUGLÝSING

Nr. 252

um starfsleyfi fyrir Silfurgen hf. að Kalmanstjörn á Reykjanesi.

1. gr.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 32 tonnum af seiðum (15–800 grömm) auk þess eldi á fullorðnum laxi. Samtals allt að 42 tonna ársframleiðslu. Ennfremur til aðstöðu til hafbeitar.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.4. Um umgengisreglur, sóttthreinsun og meðferð sýktra og sjálfðauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

B 40

- 1.5. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.6. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigðis eða tilveru náttúrulegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki.
- 1.7. Stöðinni er skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði sé þess óskað:
Framleiðslumagn, fódurnotkun og fóðurgerð, meðal annars vatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttahreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu.

2. Ákvæði um hafbeit.

- 2.1. Allt frárennsli frá eldiskerjum skal leitt út fyrir stórstraumsfjöruborð. Að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna móttöku á endurheimtum laxi er þó heimilt að nýta frárennsli ofan stórstraumsfjöru og hleypa því í þar til gerða móttöku, enda er hún innan athafnasvæðis stöðvarinnar. Þetta ákvæði veitir takmarkaða undanþágu frá 61. grein heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972.
- 2.2. Stöðinni er skylt að sjá um að frágangur og gerð móttökurnar og frárennslisins sé þannig að ekki sjáist:
 - a) Set eða útfellingar.
 - b) Þekjur af rotverum.Ennfremur að ekki berist með frárennslinu í opna móttöku:
Sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valda óþægilegri lykt, lit, gruggi eða geta valdið smithættu.
Óheimilt er að leiða annað frárennsli en það sem kemur frá eldiskerjum þessa leið.
- 2.3. Stöðinni er skylt að sjá um að frárennslisleiðsla frá fiskeldiskerjum sé sem næst móttökunni þannig að komið verði í veg fyrir opnar rásir.

3. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 3.1. Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálfdaður fiskur berist ekki með frárennslinu.
- 3.2. Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró og þaðan niður fyrir stórstraumsfjöru.

4. Gjaldskrá og gildistaka.

- 4.1. Í samræmi við reglugerð nr. 390/1985 skal stöðin árlega greiða eftirlitsgjald og flokkast stöðin í 4. flokk samkvæmt gildandi gjaldskrá nr. 355/1986, með síðari breytingum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Eftirlit þetta er með tvennum hætti, annars vegar beint eftirlit sjálfs fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur og eftirlit Hollustuverndar ríkisins.
- 4.2. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. maí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.